

Húsmóðir veit

Húsmóðir veit hvað það er
að temja þennan barnaher.
Þegar einn vill þetta vill annar
hitt
og allir vilja þeir sitt.

Þegar einn dettur ofan' í pott
og annar hrindir öllu um koll.
Sá þriðji vill pylsu, sjá fjórði vill
kók
sá fimmti er með rifna brók.

Upp á grænum, grænum...

Upp á grænum, grænum
himinháum hól
sá ég hérahjónin ganga.
Hann með trommu
- bomm, bomm,
bombarombommbomm!
Hún með fiðlu sér við vanga.

Þá læddist að þeim ljótur
byssukarl
sem miðaði í hveli!
En hann hitti bara trommuna sem
small
og þau hlupu og héldu velli.

Nammilagið

Ef sólin væri á bragðið eins og
sleikjó,
rosalegt fjör yrði þá!
Ég halla mér aftur, rek tunguna
út - uhuhuh!
Rosalegt fjör yrði þá!

Ef regnið væri úr bleiku bangsa-
gúmmí,
rosalegt fjör yrði þá!
Ég halla mér aftur, rek tunguna
út - uhuhuh!

Gamli Nói

Gamli nói, gamli Nói
keyrir kassabíl
Hann kann ekki að stýra
Brýtur alla gíra
Gamli Nói, gamli Nói
Keyrir kassabíl

Gamli Nói, gamli Nói
Gekk á smíðapall
Að hamra, hefla og saga
Hamaðist alla daga
Svo kom flóðið, svo kom flóðið
Þetta vissi karl.

Gamli Nói, gamli Nói
er að passa barn
Hann kann ekki að passa
lætur það í kassa
Gamli Nói, gamli Nói
Er að passa barn



Gamli Nói, gamli Nói
Er að poppa popp
Hann kann ekki að poppa,
lætur poppið skoppa
gamli Nói, gamli Nói
er að poppa popp

Gamli Nói, gamli Nói
Guðhræddur og vís
Mikilháttar maður
Mörgum velviljaður
Þótt hann drykki, þótt hann
drykki
Þá samt bar hann prís.

Tombai

Tom bai, Tom bai, Tom bai, Tom
bai,
Tom bai, Tom bai, Tom bai.

Rosalegt fjör yrði þá!

Ef snjórinn væri úr sykurlúða-
poppi,

rosalegt fjör yrði þá!

Ég halla mér aftur, rek tunguna
út - uhuhuh!

Rosalegt fjör yrði þá!



Óli og Berta

Óli fór til Bertu, bakaríistertu,
og bað hana að kyssa sig.

Þá sagði Berta, bakaríisterta:

"Bara ef þú elskar mig!"

Þá sagði Óli, sem var á hjóli,

"Berta, ég elska þig!"

Glöð sagði Berta, bakaríisterta,

"Nú máttu kyssa mig!"

("kyss - kyss" (kysst út í loftið))

Don, don, don, Di ri don,

Di ri di ri don

Tra la la la la, tra la la la la

Tra la la la la la - Hei!

Bullulag

Það bjó einn karl í tunglinu,
í tunglinu, í tunglinu.

Það bjó einn karl í tunglinu

og hann hét Eikartré.

Augun voru úr kjötbollum,

úr kjötbollum, úr kjötbollum.

Augun voru úr kjötbollum og hann

hét Eikartré.

Nefið var úr osti,

úr osti, úr osti.

Nefið var úr osti og hann hét

Eikartré

Munnurinn var úr pizzu,

úr pizzu, úr pizzu.

Munnurinn var úr pizzu og hann

hét Eikartré.

Hárið var úr hafragraut,

úr hafragraut, úr hafragraut.

Hárið var úr hafragraut og hann

hét Eikartré.

(Svo er hægt að bæta við líkamspörtum og
skálda úr hvernju þeir eru)